

Þróunarverkefni framhaldsskóla í Þingeyjarsýslum

Greinargerð unnin að beiðni mennta- og menningarmálaráðuneytis

15. maí 2018

Efnisyfirlit

Samantekt	3
Inngangur	5
1. Nemendur	6
2. Námsframboð	10
3. Starfsfólk – mannauður	14
4. Félagslíf nemenda	16
5. Rekstur	17
Fylgiskjöl	19

Samantekt

Vilji er til þess að skólarnir starfi áfram sem sjálfstæðar stofnanir, þannig þjóni þeir best mikilvægu hlutverki sínu í heimabyggð.

Nemendur

Á síðustu misserum hefur nemendum í báðum skólum fækkað talsvert.

Í FSH eru væntingar um að nemendum fjölgi á næstu misserum í kjölfar atvinnuuppbyggingar á Húsavík. Þá hefur skólinn í hyggju að efla fjarnám enn frekar og sækja með þeim hætti fleiri ársnema (einingar).

Í FL eru væntingar um að markaðsátak sem nú er í undirbúningi muni skila skólanum fleiri nemendum. Fjölga þarf ársnemum (nemendum í fullu námi) um 15-20 til að skólinn teljist vera fullsetinn.

Báðir skólar telja að öflugt samstarf innan Fjarmenntaskólans geti skilað þeim fleiri ársnemum.

Hugmyndir eru uppi um að FSH og FL geri með sér samkomulag um að báðir skólar leiti fyrst til hins þegar semja þarf um fjarnám nemenda í stökum áföngum. Slíkt samstarf er þegar til staðar innan Fjarmenntaskólans.

Hvorugur skólinn má við því að missa frá sér einingar, samstarf um að bjóða nemendum annars skólans að stunda nám í stökum áföngum hjá hinum þarf því að fela í sér ávinning fyrir báða skóla.

Námsframboð

FSH telur mikilvægt að skólinn standi vörð um það námsframboð sem nú er til staðar. Nýjar námsleiðir eru til skoðunar og þá m.a. á sviði hvalaskoðunar/ferðapjónustu. Þá hefur skólinn áformað eiga frekara samstarf við Fjarmenntaskólann um starfstengt nám. Áform eru uppi um að bjóða nám í heilsunuddi í samstarfi við heilbrigðisskóla FÁ.

Hið sama gildir um FL, skólinn vill standa vörð um núverandi námsframboð. Þó er talið að skólinn þurfi að skapa sér enn meiri sérstöðu til að laða að nemendur lengra frá.

Báðir skólar sjá fyrir sér möguleika á auknu samstarfi um nám á sviði ferðapjónustu. Þá eru einnig uppi hugmyndir um aukið samstarf um nám á sviði íþrótt- og lýðheilsu og leiðtoga- og félagsmála.

Þá geta skólarnir hugsað sér að eiga aukið samstarf um valgreinar. Þar er þó mikilvægt að gæta að ákveðnu jafnvægi, því eins og fyrr segir þá má hvorugur skólinn við því að missa frá sér einingar.

Starfsfólk/mannauður

Báðir skólar búa að vel menntuðu starfsfólki og stöðugleika í starfsmannahaldi. Hvorugur skólinn sér kosti þess að auka sérhæfingu í hópi starfsfólks, þvert á móti telja skólarnir mikilvægt að geta boðið starfsfólki fullt starf og þá skiptir fjölbærni máli. Veruleg samnýting starfsfólks er talin geta leitt til aukinnar einhæfni í báðum skólum. Skólarnir sjá þó fyrir sér að nýta í auknu mæli þá sérþekkingu sem er til staðar hjá hinum þegar þess gerist þörf (slíkt samstarf er í boði nú þegar í samstarfinu um Fjarmenntaskólann). Þá er mikilvægt að halda því til haga að 40 km eru á milli skólanna og möguleg ferðalög starfsfólks því bæði tímafrek og kostnaðarsöm.

Báðir skólar hafa dregið verulega saman í stoðþjónustu og stjórnun, aukin samlegð er ekki talin bæta þjónustu né draga úr kostnaði. Skólarnir gætu þó hugsað sér að taka upp aukið samstarf um einstök viðfangsefni s.s. sálfræðiþjónustu og stjórnsýsluverkefni á borð við skjalstjórnun og persónuvernd. Báðir skólar telja mikilvægt að stjórnendur og starfsfólk í stoðþjónustu sé sem mest til staðar í skólunum.

Félagslíf nemenda

Á undanförnum misserum hefur samstarf um félagslíf nemenda aukist. Þar er einkum um að ræða samstarf um stærri viðburði s.s. uppsetningu á leikverkum og söngkeppnir. Frekara samstarf er háð áhuga og vilja nemenda. Huga þarf að bættum samgöngum á milli skólanna þar sem hluti nemenda hefur ekki bílpróf eða aðgang að bíl.

Rekstur

Rekstur beggja skóla er í góðu jafnvægi sem stendur. Verði fjárveitingar ekki skertar enn frekar telja skólameistarar að unnt sé að halda í horfinu hvað varðar alla grunnþætti skólastarfsins þ.e. nám og kennslu skv. skólanámskrám, stoðþjónustu og stjórnun. Staðan er þó talin afar viðkvæm, fækki nemendum enn frekar og fjárveitingar lækki til samræmis muni það hafa alvarleg áhrif á alla starfsemi skólanna. Það er því mikilvægt að ríkisvaldið marki skýra stefnu í málefnum fámennra framhaldsskóla og eyði þannig óvissu um framtíð þeirra. Í stað óvissu komi markviss stuðningur bæði í orði og verki.

Inngangur

Haustið 2015 skipaði þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra starfshóp sem hafði það að markmiði að fjalla um stöðu og framtíð framhaldsskólastarfs á Norðausturlandi. Starfshópurinn var skipaður fulltrúum frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, Eyþingi (sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum), Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar auk skólameistara framhaldsskólanna á svæðinu. Starfshópnum var ætlað að skila sameiginlegum tillögum um framtíðarskipan framhaldsskóla á svæðinu með það að markmiði að nemendur á svæðinu hefðu jafnan og greiðan aðgang að lögbundnu og fjölbreyttu námsframboði, stoðþjónusta væri fullburða og rekstur skólanna sjálfbær. Starfshópurinn skilaði ráðherra skýrslu í desember 2015.

Í skýrslu starfshópsins frá 15. desember 2015 voru settar fram tillögur um sérstakt þróunarverkefni um samstarf framhaldsskólanna í Þingeyjarsýslum og Þekkingarnets Þingeyinga. Samkvæmt því sem fram kemur í skýrslunni var þróunarverkefninu ætlað að leggja grunn að samstarfi Framhaldsskólans á Húsavík, Framhaldsskólans á Laugum og Þekkingarnets Þingeyinga um námsframboð, skipulagningu nýrra námsbrauta, stoðþjónustu, stjórnunarlega þætti, aðstöðu, félagslíf nemenda og endurmenntun starfsfólks. Í samstarfsamningi skólameistara framhaldsskóla á norðaustursvæðinu frá 15. desember 2015 er jafnframt fjallað um fyrrgreint þróunarverkefni. Í lið 3. a. segir „Sérstakt þróunarverkefni verður um samstarf með framhaldsskólum í Þingeyjarsýslu og Þekkingarneti Þingeyinga.“ (sjá nánar í fylgiskjali 3).

Á fundi verkefnisstjóra samstarfs framhaldsskóla á norðaustursvæði og forstöðumanns Þekkingarnets Þingeyinga með mennta- og menningarmálaráðherra þann 19. júní 2017 var ákveðið að flýta skoðun á þróunarverkefninu um samstarf framhaldsskóla í Þingeyjarsýslum og Þekkingarneti Þingeyinga (sbr. lið 3.a í samstarfssamningnum) þannig að niðurstaða lægi fyrir í árslok 2017. Þá var jafnframt ákveðið að ráðinn yrði sérstakur verkefnisstjóri vegna þessa. Í ágúst 2017 var gerður samningur á milli Ráðríkrar ráðgjafarfyrtækis og Miðstöðvar skólaþróunar við Háskólann á Akureyri um að Laufey Petrea Magnúsdóttir tæki að sér verkefnisstjórn.

Afmörkun

Eftir viðtöl við skólameistara framhaldsskólanna og forstöðumann Þekkingarnets Þingeyinga var ákveðið að byrja á því að skoða stöðu framhaldsskólanna í dag og mögulega samstarfsfleti þeirra á milli, m.a. með hliðsjón af þeim áherslum sem settar voru fram í umfjöllun um þróunarverkefnið í skýrslu starfshópsins frá 2015. Þar sem Þekkingarnet Þingeyinga hefur annað lagaumhverfi og rekstarfarsendur þá taldi forstöðumaður helstu snertifleti liggja í samnýtingu húsnæðis og starfsmanna (einkum í stoðþjónustu). Þessi snertifletir verða skoðaðir á síðari stigum. Í vinnu verkefnisstjóra með skólameisturum var lögð meginárhersla á að meta núverandi stöðu skólanna með hliðsjón af eftirtöldu:


- fjölda nemenda/ársnema og framtíðarsýn þar að lútandi,
- námsframboði – inntaki náms á námsbrautum beggja skóla,
- starfsfólki/mannauði í stjórnun kennslu og stoðþjónustu,
- félagslífi nemenda,
- rekstri,
- framtíðarsýn með hliðsjón af mögulegum tækifærum og hindrunum í tengslum við aukið samstarf skólanna.

1. Nemendur


Nemendum í FSH hefur fækkað jafnt og þétt frá árinu 2011 en þá voru nemendur 167 talsins. Á tímabilinu frá 2007 til 2012 bauð skólinn tímabundið upp á nám á stuttum starfstengdum námsbrautum fyrir skólaliða og stuðningsfulltrúa í grunnskólum, leiðbeinendur í leikskólum og félagsliða sem skýrir að hluta fækkun nemenda eftir brautskráningu þessara hópa. Haustið 2017 voru 98 nemendur skráðir við skólann. Þar sem upptökusvæði FSH markast nær eingöngu af Húsavík og nærsveitum þá helst fækkun nemenda í hendur við fækkun í fæðingarárgöngum á svæðinu, sjá nánar á myndum 1 og 2. Frá síðustu aldamótum hefur nemendum í Borgahólsskóla fækkað um 36% og í öðrum grunnskólum í Þingeyjarsýslum um samtals 50%. Með hliðsjón af þeirri atvinnuuppbyggingu sem á sér stað á Húsavík er þess vænst að íbúum fjölgi á ný og þar með nemendum á öllum skólastigum. Stærstur hluti nemenda FSH er á hefðbundnum framhaldsskólaaldri þ.e. frá 16 – 19 ára eða 82%. Á haustönn 2017 voru heldur fleiri konur skráðar til náms við skólann eða 56%.

Nemendum í FL hefur einnig fækkað nokkuð á síðustu misserum en eins og sjá má á mynd 1 þá hafa nemendatölur verið dálítið breytilegar á milli ára en þó tiltölulega stöðugar á bilinu 100-120 nemendur. Af þeim nemendum sem sækja FL eiga 16 (19%) lögheimili í næsta nágrenni skólans, 25 (28%) eiga lögheimili í Þingeyjarsýslum en 44 (51%) koma annarsstaðar frá. Þar sem heimavist er við skólann hefur hann getað markaðssett sig á landsvísu, af þeim sem koma annarsstaðar frá eru flestir af suðvesturhorni landsins. Um 77% nemenda FL er á hefðbundnum framhaldsskólaaldri þ.e. 16-19 ára. Kynjaskipting er jöfn.

Mynd 1. Fjöldi nemenda við FSH og FL árin 2007 - 2017



Mynd 2. Fjöldi nemenda í grunnskólum í Þingeyjarsýslum 2001-2016




*Nemendur í Valsárskóla og Grenivíkurskóla eru ekki meðtaldir

Ársnemar

Á mynd 3 má sjá hvernig tölur um fjölda ársnema hafa þróast frá árinu 2004. Ársnematalan skilgreinir fjölda nemenda í fullu námi (þ.e. heildarfjölda þreyttra eininga/17,5 ein. eða 30 fein). Frá árinu 2004 hefur ársnemunum fækkað í báðum skólum, í FSH nemur fækkunin 46% en 36% í FL. Eins og sjá má á mynd 2 þá eru nokkrar sveiflur í ársnematölu FL en hjá FSH hefur ársnemunum fækkað nokkuð jafnt og þétt á undanförunum árum. Ársnematölur hafa áhrif á fjárveitingar til framhaldsskóla, fækki ársnemunum verulega hefur það bein áhrif á rekstrarafkomu skólanna.

Mynd 3. Reiknaðir ársnemar í FSH og FL 2004- 2017



Fjarnám – staðnám

Tafla 1. Fjöldi nemenda FL og FSH í stað- og fjarnámi

Staðnám/fjarnám, haustönn 2017		
	FL	FSH
Nemendur í staðnámi	86	84
Ársnemar í staðnámi	79,8	74,4
Nemendur í fjarnámi	0	14
Ársnemar í fjarnámi	0	3

Stærstur hluti nemenda beggja skóla er í staðnámi. FSH hefur tekið þátt í samstarfi Fjarmenttaskólans með því að bjóða áfanga í fjarnámi og jafnframt nýtt fjarnámskosti samstarfsskólanna í þágu eigin nemenda. Hið sama gildir um FL en að auki hefur skólinn þjónustað nemendur á Þórshöfn og Vopnafirði fyrstu 1 – 2 ár framhaldsskólans skv. sérstöku samkomulagi þar um. Nemendum á þessu stöðum gefst kostur á að stunda nám í heimbyggð í gegnum fjarfundabúnað og dvelja að auki í FL eina viku í mánuði á hverri önn.

Tækifæri og hindranir varðandi fjölgun nemenda að mati skólameistara

FL: Það er ljóst að nemendum mun ekki fjölga á „heimasvæði“ Framhaldsskólans á Laugum. Hins vegar er óljósara með nemendur annarsstaðar af landinu. Eins og staðan er í dag eru of fáir nemendur í FL miðað við þann fjölda ársnema sem áætlanir mennta- og menningarmálaráðuneytis gera ráð fyrir.

- Skólinn þarf að innrita 15-20 nemendur til viðbótar til að vera fullsetinn, með markaðsátaki og vinnu ætti það að vera hægt. Skólinn hefur þegar leitað ráðgjafar um þessa hluti hjá sérfræðingum.
- Skólinn þarf að geta treyst áætlunum ráðuneytisins varðandi fjárveitingar næstu 3-5 ár, þ.e. á meðan hann sannreynir hvort umrædd fjölgun nemenda gangi eftir. Það gerist síður þurfi skólinn að búa við stöðugan ótta við bakreikninga og niðurskurð.

FSH: Framhaldsskólinn á Húsavík má ekki verða fámennari en hann er nú svo að hægt sé að halda úti því námsframboði sem þegar er boðið upp á í skólanum og þeim mannauði sem við hann starfar.

- Ljóst er að þokkalegur stöðugleiki er sem stendur í árgangatölum grunnskólans á Húsavík (Borgarhólsskóla) sem þýðir að ekki ætti að verða um mikla fækkun nemenda að ræða á næstunni. Sú atvinnuuppbygging sem átt hefur sér stað á svæðinu að undanfögnu gefur jafnframt tilefni til bjartsýni hvað varðar íbúðaupróun og þar með fjölgun nemenda á öllum skólastigum.
- Til þess að fjölga nemendum í FSH er horft til þess að efla fjarnám verulega. Boðið er upp á fjarnám í öllum bóklegum áföngum til stúdentsprófs auk þess sem unnið hefur verið að eflingu leiðsagnarmats við skólann en leiðsagnarmat kemur sér ekki síst vel fyrir fjarnema. Fjarnámsgiöld voru lækkuð í upphafi vorannar 2018 auk þess sem sett var þak á fjölda þeirra áfanga sem fjarnemar greiða fyrir. Þessi aðgerð virðist þegar hafa leitt til aukinnar aðsóknar í fjarnámið en undanfarin ár hafa ársnemaígildi fjarnáms

verið á bilinu 2-3. Á vorönn 2018 eru þau hins vegar 7,2. Fjarnám er þó takmörkuð auðlind en það er staðnám líka og þess vegna sjálfsagt að leita á þessi mið.

2. Námsframboð

Námsframboð skólanna er um margt líkt. Báðir skólar bjóða upp á nám á félagsvísinda- og náttúruvísindabrautum og opnum námsbrautum til stúdentsprófs, þá bjóða báðir skólar nám á styttri brautum þ.e. á framhaldsskólabraut/almennri námsbraut. Ef horft er til sérstöðu skólanna þá býður FSH upp á áherslu á hugvísindi til stúdentsprófs og nám á starfsbraut. Við FL er hægt að stunda nám á íþrótt- og lýðheilsubraut. Á haustönn 2017 stunduðu 7 grunnskólanemar nám við FSH. Nemendum úr Borgarhólsskóla (og reyndar öllum nemendum í grunnskólum í Norðurþingi) stendur til boða að stunda nám í áföngum á framhaldsskólastigi hafi þeir lokið grunnskólapróf í viðkomandi grein með hæfnieinkunn B að lágmarki. Hið sama má segja um grunnskólanemendur í Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppi, Vopnafjarðahreppi og Langesbyggð, þeir geta stundað nám á framhaldsskólastigi við FL meðfram námi sínu í grunnskóla.

Tafla 2. Námsbrautir í FL og FSH og fjöldi nemenda á hverri þeirra á haustönn 2017

Fjöldi nemenda á námsbrautum	FL	FSH	Alls
Félagsvísindabraut	34		60
Félags- og hugvísindabraut		26	
Náttúruvísindabraut	21	33	54
Íþrótt- og lýðheilsubraut	9		9
Opin námsbraut til stúdentsprófs	9	7	16
Framhaldsskólabraut/Almenn námsbr.	13	6	19
Grunnskólanemendur		7	7
Ótilgreind námsbraut		13	13
Starfsbraut		6	6
Samtals:	86	98	184

Þegar námskrár skólanna eru bornar saman má greina nokkuð ólíkar áherslur, þær eru í meginráttum þessar:

- Áherslur í **uppbyggingu náms á námsbrautum til stúdentsprófs** eru ólíkar. Í FSH er stærstur hluti námsins skilgreindur (bundinn) í sameiginlegum kjarna og brautarvali og val nemenda því nokkuð takmarkað. Í FL er sambærilegur einingarfjöldi bundinn í kjarna en nemendum ætlað að setja saman nám sitt sjálfir í bundu brautarvali. Sjá nánar í töflu 4.

Tafla 4. Skipan náms skv. námskrám FL og FSH á námsbrautum til stúdentsprófs

Námskrár FL og FSH, 2017	FL	FSH	FL	FSH	FL	FSH	FL	FSH	FL	FSH
Námsbrautir til stúdentsprófs	Sameiginlegur kjarni	Sameiginlegur kjarni	Sérgreinar - brautarkjarni	Sérgreinar - brautarkjarni	Bundið pakkaval	Bundið pakkaval	Bundið áfangaval	Bundið áfangaval	Frjálst val	Frjálst val
Félagsvísindabraut*	111	110	20	60	5	10	35 af 75	0	29	20
Náttúruvísindabraut	111	110	36	60	5	10	30 af 105	0	18	20
Íþrótt- og lýðheilsubraut	96		25		5		33 af 70		35	

- Námskrár skólanna eru jafnframt frábrugðnar að því leyti að **einingafjöldi í áföngum** er skilgreindur með ólíkum hætti. Þannig eru flestir áfangar í sameiginlegum kjarna 4 einingar í FL en 5 einingar í FSH. Áfangar á sérsviðum brauta eru þó að jafnaði 5 einingar í báðum skólum. Sjá nánar í fylgiskjali 1.
- Á hug- og félagsvísindabraut FSH eru nokkuð margir söguáfangar í boði og hið sama gildir um námsframboð í líffræði og líffæra- og lífeðlisfræði á náttúrvísindabraut FL. Nokkrar námsgreinar eru einungis í námskrá annars skólans, þannig er landafræði t.a.m. að finna í námskrá FSH og hagfræði, heimspeki og uppeldisfræði í námskrá FL.
- Þrepaskipting námsáfanga á námsbrautum skólanna er nokkuð mismunandi, þannig eru t.d. mun fleiri áfangar í raungreinum á 3. þrepi í námskrá FL samanborið við námskrá FSH.

Nánari upplýsingar og samanburð á námsframboði skólanna er að finna í fylgiskjali 2.

Fyrirkomulag náms og kennslu

Fyrirkomulag náms og kennslu er með nokkuð ólíkum hætti í skólunum. Í FSH eru skólastarfið skipulagt skv. hefðbundinni stundaskrá. Kennslustundir eru 45 mínútur og skóladagurinn er að jafnaði frá kl. 08.00-16.00 nema á föstudögum þá lýkur skóla kl. 13.35. Að auki fylgir hverjum áfanga 30 mínútna vinnustund. Nemendur eru skráðir í vinnustundir í samræmi við fjölda þeirra áfanga sem þeir taka. Þó eru þeir aldrei skráðir í fleiri en fimm vinnustundir á viku.

Í FL er skipulagið þannig að annars vegar er um að ræða hefðbundnar kennslustundir og hins vegar skilgreindar vinnustofur þar sem nemendur sinna námi sínu undir handleiðslu kennara. Skóladagurinn er samfelldur frá kl. 09.10-15.30 og vinna nemendur við vinnuborð sín í áðurnefndum vinnustofum á þeim tíma séu þeir ekki í hefðbundnum kennslustundum. Íþróttir og hreyfing fara fram utan hefðbundins skólatíma milli 16.00 og 18.00 mánudaga til fimmtudaga undir leiðsögn íþróttakennara. Þeir nemendur sem stunda nám við framhaldsskóladeildirnar á Vopnafirði og Þórshöfn vinna þar undir handleiðslu kennaramenntaðs verkefnisstjóra og hitta faggreinakennara sína á Laugum einu sinni í viku í gegnum fjarfundabúnað. Þessir nemendur dvelja svo í eina viku í mánuði á Laugum og sækja þá skóla eins og aðrir staðnemendur.

Tækifæri varðandi námsframboð að mati skólameistara

FL

- Talin eru mikil tækifæri fyrir FL til að fjölga einingum þar sem námshópar í kenndum áföngum eru almennt fámennir og vel hægt að bæta við nemendum annars staðar frá (t.d. frá skólum þar sem námshópar eru kannski orðnir of fjölmennir eða ekki boðið upp á viðkomandi námsáfanga á tiltekinni önn). FL mun eftir sem áður nýta Fjarmenttaskólann til þess að bjóða nemendum þá áfanga sem ekki eru í boði í FL t.d. vegna fámennis og/eða viðkomandi námsgrein er ekki í námskrá skólans.

FSH

- Til að efla námsframboð horfir FSH til þess að taka áfram þátt í samstarfi í gegnum Fjarmenttaskólana varðandi starfstengt nám. Skólinn vill gjarnan fá að halda utan um a.m.k. eina slíka braut en framtíðin mun leiða í ljós hvort af því verður. Áform eru uppi um að bjóða nám í heilsunuddi í samstarfi við heilbrigðisskóla FÁ.

- Til að efla námsframboð hefur skólinn ennfremur þróað tvo áfanga fyrir leiðbeinendur á hvalaskoðunarbatum í samstarfi við hvalaskoðunarfyrirtækin á Húsavík, Hvalasafnið og Þekkingarnet Þingeyinga. Hvalaskoðun er mjög vinsæl afþreying fyrir ferðamenn á Húsavík og á síðustu árum hefur verið aukin eftirspurn eftir leiðsögufólki sem hefur tengsl við það svæði sem það leiðsegir fólki um. Að auki er það ódýrara fyrir hvalaskoðunarfyrirtækin að ráða til sín leiðsögufólk sem býr á svæðinu. Áföngunum tveimur er ekki ætlað að veita leiðsögumannsréttindi heldur gera nemendur færa um að leiðsegja fólki á hvalaskoðunarbatum um Skjálfanda. Í öðrum áfanganum er fjallað um lífríki svæðisins, veðurfar, jarðfræði og menningu en í hinum áfanganum er fjallað um framkomu og stjórnun. Áfangarnir eru á fyrsta og öðru hæfniprepi og nýttast nemendum sem hluti af óbundnu vali. Í framtíðinni kæmi vel til greina að nýta þessa áfanga sem hluta af ferðamálasérhæfingu á opinni stúdentsbraut.

Tækifæri varðandi aukið samstarf FL og FSH um námsframboð

FL

- Hægt væri að taka upp samstarf FL og FSH um íþróttfræðinám, þ.e. nám á íþróttabraut. Fagáfangarnir á íþróttabrautinni í FL eru flestir fimm einingar (bóklegir) eða tvær eininga(verklegir). Bóklega náminu væri auðvelt að sinna frá FL og verklega náminu gæti íþróttakennari í FSH í flestum tilfellum sinnt (þ.e. ef frá eru taldar mjög sérhæfðar íþróttagreinar).
- Ýmsar valgreinar mætti kenna saman svo lengi sem skólarnir missi ekki frá sér einingar. Þetta er að hluta til gert núna með leiklistar- og Tónkvíslarsamstarfi nemenda.
- Uppbygging diplómu eða sérhæfingar á sviði ferðamála í samstarfi skólanna.
- Sameiginleg námsleið á sviði leiðtoga- eða félagsmála.
- FL býður nemendum að stunda nám á kjörsviðsbraut sem er í raun opin og nemendum þannig gert kleift að setja saman eigin námsleið eða blanda saman námsleiðum bæði frá FL og öðrum framhaldsskólum. Þá gætu Framhaldsskólarnir á Laugum og Menntaskólinn á Tröllaskaga, sem eru báðir svolítið „öðru vísi“ skólar, boðið „öðru vísi námsleið“ í einhverju samstarfi.

FSH

- Skólarnir (FSH og FL) gætu mögulega hagað samstarfi sínu þannig að þeir ynnu saman að afmörkuðum verkefnum, annað hvort hvor með öðrum eða í samstarfi við fleiri skóla.
- Skólarnir gætu einnig átt samstarf um ákveðna „sérhæfingarpakka“ á opnum stúdentsbrautum en flestir framhaldsskólar bjóða upp á slíkar brautir.
- Í fjarmenntaskólasamstarfinu hefur verið rætt um að mynda nokkra 60-80 eininga sérhæfingarpakka í ýmsum námsgreinum. Hugmyndir eru uppi um að FSH og FL taki að sér að móta sérstaka íþróttar- og/ eða ferðamennskupakka.

Mögulegar hindranir í samstarfi FL og FSH um námsframboð

- FSH og FL eru fámennir skólar en mjög ólíkir. Svipaðar námsgreinar eru reyndar kenndar í báðum skólum en uppbygging brautanna og fyrirkomulag náms og kennslu er um margt ólíkt. Samræma þyrfti betur einingafjölda og þrep þeirra námsáfanga sem samstarf yrði um og þá jafnframt skipan námsáfanga á annir/ár.

- Báðir skólarnir eru í þeirri stöðu að þurfa að standa þéttan vörð um nemendaeiningar sínar. Því eiga skólarnir erfitt með að bjóða nemendum sínum nám í öðrum skólum nema í undartekningartilfellum þar sem koma þarf einum og einum nemanda í áfanga sem ekki eru í boði í heimaskólanum á þeirri önn sem á þarf að halda til að hægt sé að halda uppi eðlilegum námshraða. Þetta úrræði er hins vegar þegar til í gegnum Fjarmenntaskólann og virkar mjög vel þar. Hugsanleg væri hægt að ákveða að FSH og FL hafi “forkaupsrétt” á þeim nemendum sem þurfa þetta úrræði þannig að FSH leiti alltaf fyrst til FL og öfugt. Hvorki FSH né FL geta hins vegar sent nemendahópa í hinn skólann nema hópur komi þar á móti.
- Efasemdir eru uppi varðandi eftirspurn nemenda eftir námi á sviði ferðamála, tilraunir til að bjóða námsbrautir á þessu sviði hafa til þessa ekki náð að laða til sín nemendur. Talið er að nemendur sjái lítinn ávinning af því að ljúka slíku námi þar sem þeir njóti ekki forgangs í störf, né heldur fái þeir umbun í launum að loknu slíku námi. Viðhorf ferðapjónustunnar gagnvart námi sem þessu þyrfti því að breytast eigi það að verða eftirsóknarverður kostur fyrir nemendur.
- Skortur á kennurum með viðeigandi menntun gæti reynst hindrun í framsetningu á nýju/“öðruvísi” námsframboði.

Nám og kennsla

Umfang kennslu er með svipuðum hætti í báðum skólum. Þó svo að námskrár geri ráð fyrir tilteknu námsframboði þarf annað hvort að binda valfrelsi nemenda í námskrá og/eða skilgreina þá áfanga sem bjóðast í raun á viðkomandi önn/ári. Með því að fækka kenndum áföngum er þess vænst að ná fram hagstæðari hópastærðum. Námsframboð skólanna ræðst því mjög af fjölda nemenda á hverjum tíma. Fækkun nemenda hefur bein áhrif á möguleika skólanna til að bjóða og viðhalda fjölbreyttum leiðum í námi. Allt hefur þetta sín takmörk og er það mat skólameistara beggja skóla að ekki verið lengra komist í sparnaði og aðhaldi eigi skólarnir að geta sinnt skyldum sínum gagnvart nemendum og nærsamfélaginu.

Tafla 5. Kenndir áfangar og hópnyting

Framhaldsskólinn á Laugum						
Kennsla		H 2015	V 2016	H 2016	V 2017	H 2017
	Fjöldi kenndra áfanga pr. viku	50	44	41	38	40
	Fjöldi kenndra eininga pr. viku	198	185	153	154	160
	Meðalfjöldi nemenda í kenndum áföngum	15,2	16,2	16,2	15,9	13,8
Framhaldsskólinn á Húsavík						
Kennsla		H 2015	V 2016	H 2016	V 2017	H 2017
	Fjöldi kenndra áfanga pr. viku	38	39	39	35	36
	Fjöldi kenndra eininga pr. viku	168	162	170	151	162
	Meðalfjöldi nemenda í kenndum áföngum	14,9	14,2	15,5	14	15,6

3. Starfsfólk - mannauður

Báðir skólar búa að dýrmætum mannauði og þá hefur nokkuð góður stöðugleiki verið í starfsmannahaldi. Tíðar mannabreytingar hafa þó verið í stjórnendateymi FSH en fjórir skóla-meistarar hafa starfað við skólann frá árinu 2008. Nýr skólameistari tók til starf við FL haustið 2015.

Fækkun nemenda hefur orðið til þess að stöðugildum við skólana hefur að sama skapi fækkað verulega og nær sú fækkun jafnt til kennara, starfsfólks í stoðþjónustu og stjórnenda. Á síðastliðnum þremur árum hefur stöðugildum í kennslu fækkað um 15% í FL og um 43% í FSH. Þá hefur stöðugildum í heildina fækkað um 3 í FL og um 5.5 í FSH.

Tafla 6. Starfsfólk FL og FSH 2015 - 2017

Starfsfólk		Haust 2015		Haust 2016		Haust 2017	
		Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
FL - Fjöldi/stöðuhlutfall starfsmanna							
	Yfirstjórnendur	3	2,5	3	2,5	3	2,5
	Millistjórnendur	1	0,1	1	0,1	1	0,1
	Í kennslu	12	10,5	11	9,3	11	9,3
	Stoðþjónusta	22	15,2	22	15,6	21	13,4
	Starfsfólk skólans/stöðugildi alls:		28,3		27,6		25,3
FSH - Fjöldi/stöðuhlutfall starfsmanna							
	Yfirstjórnendur	3	2,3	3	1,9	3	1,9
	Millistjórnendur	0	0,0	0	0,0	0	0,0
	Í kennslu	13	13,5	11	9,3	10	8,7
	Stoðþjónusta	8	2,8	8	2,7	8	2,7
	Starfsfólk skólans/stöðugildi alls:		18,5		13,9		13

Mikill faglegur styrkur í starfsmannahópi beggja skóla. Nær allir kennarar í báðum skólum hafa lokið háskólaprófi og námi í kennslufræðum til kennsluréttinda. Flestir kenna þeir námsgreinar á eigin fræðasviði og/eða á skyldum fræðasviðum, sjá töflu 7.

Tafla 7. Menntun kennara og kennslugreinar

Kennarar	FL	FSH
Kenna eigin grein	5	3
Kenna eigin grein og aðrar	3	6
Kenna einungis aðra grein	3	1
Dipl.	1	
BA/BS/BEd	7	8
MA/MS/MEd/Mag.	3	2
Kennsluréttindi	11	9
KK	4	6
KVK	7	4
Samtals	11	10

Styrkleikar í námsframboði FL eru einkum á sviði líffræði og íþróttافرæða en í FSH á sviði íslensku og sögu. Veikleikar beggja skóla, með hliðsjón af núverandi mannauði og námskrám, eru sem stendur einkum á sviði félagsfræðigreina og dönsku.

Sérfræðingar í stoðþjónustu beggja skóla (námsráðgjafar, bókasafnsfræðingar, fjármálastjórar) hafa háskólapróf á einhverju sviði. Námsráðgjafar hafa lokið BA prófi í sálfræði auk kennsluréttinda en hvorugur hefur lokið námi í náms- og starfsráðgjöf. Í FL er menntaður náms- og starfsráðgjafi í leyfi skólaárið 2017-2018. Bókasafnsfræðingur FSH hafði háskólamenntun á því sviði en hefur nú nýlega látið af störfum, bókavörður FL hefur háskólapróf í þýsku.

Tækifæri varðandi samnýtingu mannauðs

- Skólarnir hafa verið að prófa sig áfram með að nýta þá sérfræðipækkingu kennara sem annar skólinn hefur umfram hinn og geta vel séð það fyrir sér að halda slíku samstarfi áfram. Á næsta ári þarf FSH t.d. að ráða nýjan íþróttakennara og mætti þá skoða hvort íþróttakennara á Laugum vanti stærra starfshlutfall. Þetta verður þó að spilast eftir hendinni á hverjum tíma.
- Skólarnir gætu mögulega sameinist um kennslu námsgreina sem ekki mynda stórt starfshlutfall á hvorum stað.
- Að öðru leyti væri vænlegra að skólarnir höguðu samstarfi sínu þannig að þeir ynnu saman að afmörkuðum verkefnum, annað hvort hvor með öðrum eða í samstarfi við fleiri skóla. Sem dæmi um slík verkefni mætti t.d. nefna skjalastjórn, persónuvernd, sálfræðiþjónustu.
- Þá eru báðir skólar aðilar að Fjarmenntaskólanum og hafa til þessa notið góðs af því samstarfi.

Ógnanir/hindranir varðandi samnýtingu mannauðs

- Til þess að auka samstarf um kennslu þyrfti að samræma betur skipulag skólanna varðandi hvenær þær námsgreinar sem skólarnir velja að eiga samstarf um eru kenndar. FL gerði t.d. slíka breytingu í vetur með því að flytja jarðfræðiáfanga fram um eina önn.
- Hætt er við að aukið samstarf um starfsfólk leiði til þess að annar skólinn missi starfsfólk og ákveði að að fylla ekki þess skarð vegna þess að hinn skólinn hafi starfsfólk sem hægt væri að nýta. Til langframa er talið óæskilegt að skólarnir þróist þannig að kennarahópurinn á hvorum stað verði mjög sérhæfður, t.d. raungreinakennarar á öðrum staðnum en félagsgreinakennarar á hinum.
- Báðir skólarnir þurfa á öflugum og fjölhæfum kennarahópi að halda og mikilvægt að hafa í huga að 40 km eru á milli skólanna og færð oft slæm yfir vetrartímann. Ferðlög starfsfólks eru að auki bæði tímafrek og kostnaðarsöm.

4. Félagslíf nemenda

Nemendur framhaldsskólanna á Laugum og á Húsavík hafa verið í talsverðu samstarfi skólaveturna 2016-2017 og 2017-2018.


- Sjö nemendur frá Framhaldsskólanum á Laugum tóku þátt í uppsetningu á leikriti sem leikfélag Framhaldsskólans á Húsavík Píramus og Þispa setti upp haustið 2017 og styrkti Framhaldsskólinn á Laugum þá nemendur sína um aksturspeninga.
- Nemendur frá FL sóttu einnig kaffishúsakvöld og piparkökuhúsaskreytingakvöld sem fóru fram á vegum nemenda FSH.
- Nemendur FSH heimsóttu nemendur FL einn dag á haustönn þar sem keppt var í hinum ýmsu greinum og atburðum auk þess sem nemendurnir tóku þátt í hópefli.
- Nemendum FSH stendur til boða að taka þátt í því starfi sem fer fram í kringum Tónkvíslina en það starf stendur yfir í nokkra mánuði á hverju skólaári og eru viðfangsefnin mjög fjölbreytt og ættu því allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.
- Í apríl komu nemendur FL í heimsókn í FSH ásamt hluta starfsfólks. Tekið var á móti gestum með því að bjóða upp á pylsur og drykki. Farið var í Paint ball í íþróttahöllinni og eftir það hófst spurningakeppni eða „quiz“ á sal FSH. Síðan var öllum boðið upp á bakarísbrauð og dagskráin endaði svo á því að allir dönsuðu saman kokkinn og hlöðudans. Þetta var virkilega vel heppnað og mjög gaman.

Mikilvægt er að nemendur hafi mest um samstarf varðandi félagslíf skólanna að segja. Þá er einnig talið mikilvægt að huga að bættum samgöngum á milli skólanna þar sem hluti nemenda hefur ekki bílpróf og/eða aðgengi að bíl.


5. Rekstur

Á myndum 4 og 5 má sjá hvernig fjárveitingar til FSH og FL hafa þróast á undanförunum árum. Fjárveitingar markast af fjölda ársnema og reiknuðum kostnaði við menntun þeirra. Fyrir 10 árum voru gerðar þær breytingar á fjárframlögum til framhaldsskóla að kostnaður vegna húsaleigu var áætlaður í fjárveitingum til skóla. Sú breyting skýrir að hluta þann mun sem verður á fjárveitingum til skólanna frá þeim tíma. Kostnaður vegna húsaleigu er mun hærri hjá FL enda er þar m.a. rekin heimavist.

Mynd 4. Fjárveitingar til FL og FSH skv. fjárlögum 2006-2017*



Mynd 5. Kostnaður pr. ársnema við FL og FSH 2007-2017*



*Upplýsingar eru teknar úr fjárlagafrumvörpum árána 2005-2018.

Húsnæðiskostnaður skýrir einnig þann mun sem er á fjárframlögum vegna hvers ársnema. Kostnaður vegna hvers ársnema er fundinn með því deila ársnematölunni í þá upphæð sem skólanum er ætluð til rekstrar skv. fjárlögum. Samkvæmt ársreikningum skólanna fyrir árið 2016 þá greiddi FL tæpar 67 m.kr. í leigu á húsnæði og FSH 16 m.kr. Þegar kostnaður vegna húsaleigu hefur verið dreginn frá kostnaði við hvern ársnema (sbr. mynd 5) kostar ársneminn nánast það sama í báðum skólum eða um 1.5 m.kr. Annar kostnaður vegna náms nemenda er því nokkuð sambærilegur í báðum skólum.

Mat skólameistara FL og FSH á rekstrarstöðu skólanna og sýn þeirra til framtíðar

FL: Rekstrarstaða skólans er góð um þessar mundir, skólinn er skuldlaus og með afgang. Gallinn er hins vegar sá að ekki er vitað hvort skólinn fái að hafa þann afgang í friði eða hvort von sé á bakreikningi í febrúar vegna færri ársnema en áætlað var. Ársnemar urðu skv. nýrri áætlun mennta- og menningarmálaráðuneytis í raun 5% fleiri en upphaflega var áætlað og vissi skólameistari af breytingunni með einungis mánaðar fyrirvara (þ.e. í desember 2016). Til stóð að ársnemun yrði fækkað um 10% án þess að til skerðingar á fjárframlögum kæmi (þ.e. sparnaðurinn af styttingu náms til stúdentsprófs yrði eftir í skólanum). Hefði það gengið eftir, þ.e. að ársnemar yrðu færri og fjárveiting óbreytt, þá væri skólinn nokkurn veginn að fylla upp í áætlaða ársnematölu. Skólameistara list vel á yfirlýsingar núverandi mennta- og menningarmálaráðherra um að fjármunir vegna styttingarinnar skili sér til baka í skólana. Þá telur skólameistari að byggðastefnu-yfirlýsingar ráðherra feli í sér stuðning við skóla eins og Framhaldsskólann á Laugum.

FSH: Skólinn átti í verulegum rekstrarvanda um tíma, vandinn áttu rætur að rekja til þess að kenna þurfti samkvæmt tveimur námskrám á tímabili auk þess sem launakostnaður kennara hækkaði vegna nýrra kjarasamninga. Gripið var til markvissra sparnaðaraðgerða og afgangur varð af rekstri skólans á árinu 2017. Skólameistari telur mikilvægt að nýta það svigrúm sem gefst á þessu ári til að efla námsframboð og mæta uppsafnaðri endurnýjunarþörf á húsgögnum og tækjum skólans. Ef loforð stjórnvalda um uppbyggingu framhaldsskólanna og eflingu landsbyggðanna standast ætti ekkert að vera að óttast fyrir FSH og FL.

Fylgiskjöl

1. Yfirlit yfir kjarnaáfanga á námsbrautum FSH og FL. Hausti 2017
2. Greining á samlegð og sérhæfingu í námsframboði skv. námskrám FSH og FL. Hausti 2017
3. Ráðrík ehf. (2015) Skýrsla starfshóps um stöðu og framtíð framhaldsskólastarfs á norðaustursvæði.

FSH					FL			
Sameiginlegur kjarni	1. þrep	2. þrep	3. þrep		Sameiginlegur kjarni	1. þrep	2. þrep	3. þrep
Íslenska		ÍSLE2MB05	ÍSLE3BÓ05		Íslenska		ÍSLE2LR04	ÍSLE3BS05
		ÍSLE2MÁ05	ÍSLE3EE05				ÍSLE2LÆ04	ÍSLE3BX04
			ÍSLE3MI5				ÍSL2MÁ04	ÍSLE3FO05
Enska		ENSK2BL05	ENSK3BO05		Enska		ENSK2BY04	ENSK3MB05
		ENSK2RL05	ENSK3VO05				ENSK2MM05	
							ENSK2MR04	
Danska		DANS2LO05			Danska		DANS2AA04	
							DANS2VA01	
Stærðfræði		STÆR2JV05			Stærðfræði		STÆR2GR04	
		STÆR02XZ05					STÆR2RF04	
							STÆR2TÖ02	
Þýska	ÞÝSK1GF05				Þýska	ÞÝSK1AA05		
	ÞÝSK1GR05					ÞÝSK1BB05		
	ÞÝSK1PB05					ÞÝSK1CC05		
Lífsleikni	LÍFS1HN05				Lífsleikni	LÍFS1HA01		
						LÍFS1HB01		
						LÍFS1HC01		
						LÍFS1LN02		
						LÍFS1LS01		
Íþróttir	ÍÞRÓ1GL01				Íþróttir	ÍÞRÓ1AA01		
	ÍÞRÓ1HH01					ÍÞRÓ1AB01		
	ÍÞRÓ1HH01					ÍÞRÓ1AC01		
	ÍÞRÓ1HH01							
	ÍÞRÓ1HH01							
	ÍÞRÓ1HH01							
Saga	SAGA1YS05	SAGA2YS05			Samfélagsgreinar	SAMG1IF04	SAMG2SA04	
Eðlis- og efnafræði	EFED1EE05				Raungreinar	RAUN1NÁ04	RAUN2NÁ04	
Listir, menning og vísindi	LMV1SV4				List- og verkgreinar	LIVE1VA04		
Umhverfis- og auðlindafræði	AUUM1AU05				Fjármálalæsi	FJÁR1FD02		
					Uppýsingt. miðlun og tjáning	UMOT1TJ01		
						UMOT1UP01		
					Brunnur	BRUN1AA01		
						BRUN1BB01		
						BRUN1CC01		
110	45	40	25		111	44	48	19

Greining á samlegð og sérhæfingu í námsframboði FSH og FL

A. Kjarnagreinar (sameiginlegur á öllum stúdentsbrautum) – sjá fylgiskjal 1

FSH	FL
Stúdentsprófsbrautir Samtals 110 ein	Stúdentsprófsbrautir Samtals 111 ein

B. Námsgreinar/áfangar á kjörsviði

Félags- og hugvísindabraut/ Félagsvísindabraut (sérgreinar brautar)

FSH	FL
Brautarkjarni:	Brautarkjarni:
Félagsvísindi - 3 x 5 ein. = 15 (1. 2. 3. þrep)	Félagsfræði - 1 x 5 ein. = 5 (2. þrep)
Landafræði - 1 x 5 ein. = 5 (2. þrep)	
Saga - 2 x 5 ein. = 10 (3. þrep)	Saga - 2 x 5 ein. = 10 (2. og 3. þrep).
Sálfræði - 4 x 5 ein. = 20 (2x 2. þr./2x 3. þr.)	Sálfræði - 1 x 5 ein. = 5 (2. þrep)
Danska - 1 x 5 ein. = 5 (2. þrep)	
Stærðfræði - 1 x 5 ein. = 5 (2. þrep)	
60	20
Bundið pakkaval:	Bundið pakkaval:
Aðferðafræði - 2 x 5 ein. = 10 (3. þrep)	Danska - 1 x 5 ein. = 5 (1. þrep), 1 x 4 ein. og 1 x 1 ein = 5 (2. þrep)
Saga - 2 x 5 ein. = 10 (3. þrep)	Þýska - 1 x 5 ein. = 5 (2. þrep)
10 af 20	5 af 15
Bundið áfangaval:	Bundið áfangaval:
	Aðferðafræði - 1 x 5 ein. = 5 (3. þrep)
	Félagsfræði - 4 x 5 ein. = 20 (3. þrep)
	Enska - 1x 5 ein. = 5 (3. þrep)
	Hagfræði - 1 x 5 ein. = 5 (2. þrep)
	Heimspeki - 1 x 5 ein. = 5 (2. þrep)
	Saga - 1 x 5 ein. = 5 (3. þrep)
	Sálfræði - 2 x 5 ein. = 10 (1. og 2. þrep)
	Uppeldisfræði - 1 x 5 ein. = 5 (2. þrep)
	Lokaverkefni - 2 x 5 ein. = 10 (2. og 3. þrep)
	Verkefnadrifið nám - 1 x 5 ein. = 5 (2. þrep)
0	35 af 75
Samtals 70 einingar	Samtals 60 einingar

Náttúruvísindabraut (sérgreinar brautar)

FSH	FL
Brautarkjarni:	Brautarkjarni:
Efnafræði – 4 x 5 ein = 20 (1x2. þr./3x3. þr.)	Efnafræði – 1 x 5 ein = 5 (2. þrep)
Eðlisfræði – 2 x 5 ein = 10 (2. þrep)	Eðlisfræði – 1 x 5 ein = 5 (2. þrep)
Jarðfræði – 1 x 5 ein = 5 (2. þrep)	Jarðfræði – 1 x 5 ein = 5 (2. þrep)
Líffræði – 1 x 5 ein = 5 (2. þrep)	
	Líffæra- og lífeðlisfr. – 1 x 5 ein = 5 (2. þrep)
Stærðfræði – 4 x 5 ein = 20 (1x2. þr./3x3. þr.)	Stærðfræði – 5 x 4 ein = 20 (1x2. þr./3x3. þr.)
60	36 af 40
Bundið pakkaval:	Bundið pakkaval:
	Danska – 1 x 5 ein = 5 (1. þrep), 1 x 4 ein. og 1 x 1 ein = 5 (2. þrep)
	Þýska – 1 x 5 ein = 5 (2. þrep)
0	5 af 15
Bundið áfangaval:	Bundið áfangaval:
Líffræði – 4 x 5 ein = 20 (3x3. þrep/1x4. þrep)	Líffræði – 6 x 5 ein = 30 (1x2. þr./4x3. þr.)
	Líffæra- og lífeðlisfr. – 2 x 5 ein = 10 (1. og 2. þr.)
	Efnafræði – 3 x 5 ein = 15 (3. þrep)
	Eðlisfræði – 4 x 5 ein = 20 (3. þrep)
	Jarðfræði – 1 x 5 ein = 5 (3. þrep)
	Stærðfræði – 1 x 5 ein = 5 (3. þrep)
	Aðferðafræði – 1 x 5 ein = 5 (3. þrep)
	Verkefnadrifið nám – 1 x 5 ein = 5 (2. þrep)
	Lokaverkefni – 1 x 5 ein = 5 (2. þr.) 1 x 5 = 5 (3. þr.)
10 af 20	30 af 105
Samtals 60 einingar	Samtals 71 af 135 einingum

C. Námsframboð í frjálssu vali

- Nemendur velja áfanga af kjörsviði annarra brauta innan eða utan skóla

FSH	FL
Félagsvísindabraut 20 ein	Félagsvísindabraut 29 ein
Náttúruvísindabraut 20 ein	Náttúruvísindabraut 18 ein

Samtals einingar á stúdentsbrautum = 200	Samtals einingar á stúdentsbrautum = 200
---	---

Skýrsla starfshóps

um stöðu og framtíð framhaldsskólastarfs á norðaustursvæði

Efnisyfirlit

1. Inngangur
2. Stöðugreining á mannauði og námsframboði skólanna
3. Framtíðarskipulag framhaldsskólastarfs á svæðinu, tillaga starfshóps:
 - a) Markmið og viðmið
 - b) Lotunám í verknámi
 - c) Þróunarverkefni um samstarf þingeyskra framhaldsskóla og þekkingarnets Þingeyinga
4. Fylgisskjöl
 1. Fjarkennsla og dreifnám
 2. Ítarefni um þróunarverkefni um samstarf framhaldsskólanna í Þingeyjarsýslum og þekkingarneti Þingeyinga og um lotunám í VMA
 3. Samstarfssamningur framhaldsskólanna á norðaustursvæði
 4. Fundargerðir starfshóps
 5. Skýringar með excel-skjölum
 6. Excel-skjöl með stöðugreiningu um mannauð og námsframboð

Inngangur

Með bréfi dagsettu 10. júní 2015 kynnti mennta- og menningarmálaráðherra þá ákvörðun sína að setja á laggirnar starfshóp um stöðu og framtíð framhaldsskóla á norðaustursvæði. Hópnun væri ætlað að kortleggja grunnþætti í starfsemi skólanna svo sem mannauð og námsframboð og leggja fram sameiginlega tillögu að framtíð framhaldsskólastarfs á svæðinu með það að markmiði að nemendur á svæðinu hafi jafnan og greiðan aðgang að lögbundnu og fjölbreyttu námsframboði, stoðþjónusta skólanna sé fullburða og reksturinn sjálfbær. Þá kom fram að forsendur fyrir vinnu hópsins væru: Fjárlög 2015, tillaga til þingsályktunar um ríkisfjármálaáætlun 2016-2019, frumvarp til laga um opinber fjármál, lög um framhaldsskóla nr. 92/2008 og áætlanir um nemendapróun á svæðinu

Einnig kom fram að í starfshópnum yrðu fulltrúar mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Eyþings-sambands sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslu, Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar og skólameistarar framhaldsskóla á norðaustursvæði. Ráðrík ehf. færi með verkefnisstjórn.

Nemendapróun á norðaustursvæði hefur verið á þann veg að nemendum skólanna hefur fækkað á undanförunum árum vegna minni árganga upp úr grunnskóla og útlit er fyrir að svo geti orðið áfram. Endurskipulagning á námi til stúdentsprófs mun einnig hafa áhrif á nemendafjölda framhaldsskóla, einkum bóknámsskóla. Forgangur nemenda að innritun í framhaldsskóla getur líka haft áhrif á nemendafjölda framhaldsskóla í dreifbýli. Í heildina bætir fækkunin rekstrarstöðu framhaldsskólakerfisins en ekki er hægt að horfa framhjá því að einstaka skólar, einkum fámennir, gætu áfram glímt við rekstrarvanda jafnframt því, sem er mikilvægara, að eiga enn erfiðara með að halda úti fjölbreyttu námsframboði. Þessar aðstæður kalla á viðbrögð af hálfu þeirra sem bera ábyrgð á námi á framhaldsskólastigi; ráðuneytis, sveitarfélaga og skólanna sjálfra. Hlutverk starfshópsins endurspeglar þessa staðreynd.

Frá upphafi var ljóst að takmarkaður áhugi var fyrir því að sameina skólana til að bregðast við þessum aðstæðum, en sú hugmynd hafði áður verið kynnt sem mögulegt viðbragð við fækkun nemenda. Mikill vilji til náins samstarfs, þar sem skólarnir setja sér markmið og taka á sig ábyrgð á einstaka þáttum til að takast á við nýjar aðstæður reyndist hins vegar fyrir hendi, og úr því var unnið. Þá kom það fram í vinnu starfshópsins að öflugar almenningssamgöngur á svæðinu væru mjög mikilvægur liður í aukinni samvinnu skólanna og til að nemendur ættu greiðan aðgang að fjölbreyttu námi á norðaustursvæði.

Skipan starfshóps

Með bréfi dagsettu 21. júlí 2015 voru eftirtalin skipuð í starfshópinn:

Þórunn Jóna Hauksdóttir, formaður, sérfræðingur á framhaldsskóladeild Mmrn.

Ólafur Sigurðsson, deildarstjóri framhaldsskóladeildar Mmrn.

Gísli Þór Magnússon, skrifstofustjóri á upplýsinga- og fjármálasviði, Mmrn.

Halldór Valdimarsson, tilnefndur af Eyþingi

Laufey Petrea Magnúsdóttir, tilnefnd af Eyþingi

Steinunn María Sveinsdóttir, tilnefnd af AFE

Lára Stefánsdóttir, skólameistari Menntaskólans á Tröllaskaga

Jón Már Héðinsson, skólameistari Menntaskólans á Akureyri

Hjalti Jón Sveinsson, skólameistari Verkmenntaskólans á Akureyri

Dóra Ármannsdóttir, skólameistari Framhaldsskólans á Húsavík

Hallur B Reynisson, skólameistari Framhaldsskólans á Laugum

Sigurbjörn Árni Arngrímsson tók við sem skólameistari Framhaldsskólans á Laugum í september og kom hann þá til liðs við starfshópinn.

Fyrir hönd Ráðrík efh. tók Svanfríður Jónasdóttir að sér verkefnisstjórn.

Starfshópurinn í heild hélt 3 formlega fundi, á Akureyri 8. september, Dalvík 7. október og að Laugum 12. nóvember og voru aðstoðarskólastjórar/áfangastjórar með á 2. og 3. fundi hópsins. Auk þess átti verkefnisstjóri marga fundi með skólameisturum og trúnaðarmönnum þeirra, fulltrúum sveitarfélaga og sveitarstjórum þar sem minni skólarnir eru staðsettir, sem og fulltrúum ráðuneytis. Verkefnisstjóri kynnti einnig verkefnið fyrir sveitarstjórnarmönnum á ársfundi Eyþings 9. október 2015.

Akureyri 15. desember 2015

Þórunn Jóna Hauksdóttir, formaður

Ólafur Sigðurðsson

Gísli Þór Magnússon

Halldór Valdimarsson

Laufey Petrea Magnúsdóttir

Steinunn María Sveinsdóttir

Lára Stefánsdóttir

Jón Már Héðinsson

Hjalti Jón Sveinsson

Dóra Ármannsdóttir

Sigurbjörn Árni Arngrímsson

2. Stöðugreining - mannauður og námsframboð skólanna

Starfshópnum var ætlað að kortleggja grunnþætti í starfsemi skólanna, s.s. mannauð og námsframboð eins og segir í erindisbréfi. Verkefnisstjóri fór nákvæmlega yfir þessa þætti með skólunum og var niðurstaða þeirrar vinnu kynnt og rædd á 2. fundi starfshópsins, sjá meðfylgjandi fylgisskjöl.

Almennt

Á norðaustursvæði eru fimm framhaldsskólar; þrír í Eyjafirði og tveir í Þingeyjarsýslu. Á Akureyri eru tveir stórir framhaldsskólar miðað við skóla á landsvísu, Menntaskólinn á Akureyri (MA) sem er rötgróinn og hefðbundinn bóknámsskóli með 729 ársnemendur haustið 2015 og Verkmenntaskólinn á Akureyri (VMA) sem hefur starfað í um 30 ár og er einkum verk- og iðnnámsskóli með 1094 ársnemendur haustið 2015. Skólarnir á Akureyri eru með sameiginlega heimavist.

Auk þessara skóla er á Eyjafjarðarsvæðinu, í Ólafsfirði, Menntaskólinn á Tröllaskaga (MTR) sem er fimm ára gamall bóknáms- og starfs/listnámsskóli og yngstur framhaldsskóla á svæðinu með 147 ársnemendur haustið 2015. Skólinn hefur ekki heimavist.

Í Þingeyjarsýslu eru tveir framhaldsskólar, Framhaldsskólinn á Húsavík (FSH) og Framhaldsskólinn á Laugum (FL). FSH er bóknámsskóli, stofnaður 1987. Skólinn hefur sinnt kennslu í verkgreinum/starfsnámi þegar eftirspurn hefur verið næg. Skólinn var með 94 ársnemendur haustið 2015. FSH hefur ekki heimavist. FL byggir á arfleifð héraðsskólans á Laugum en hefur frá 1993 útskrifað stúdenta. Skólinn er einkum bóknámsskóli og var með 107 ársnemendur haustið 2015. FL er í sveit, með nægt húsrými og stóra heimavist. Að jafnaði kemur hlutfallslega stór hluti nemenda FL annars staðar frá af landinu og hefur skólinn ákveðna sérstöðu vegna þeirrar þjónustu sem hann veitir. FL er með fjarkennslu til Þórshafnar þar sem nemendur eru í umsjá kennara og koma eina viku í mánuði að Laugum.

Allir skólarnir eru með undirritaðan skólasamning við menntamálaráðuneytið til 2019. Þar eru markmið um skólastarf og sumir hafa sett sér markmið um rekstur og fleira. Allir skólarnir birta skýrslur um innra mat á skólastarfi á heimasíðum sínum og til eru skýrslur um ytra mat skólanna, frá árinu 2015 fyrir Framhaldsskólann að Laugum og Framhaldsskólann á Húsavík, frá 2014 fyrir Menntaskólann á Tröllaskaga, frá 2012 fyrir Verkmenntaskólann á Akureyri og fyrir Menntaskólann á Akureyri frá 2011.

Athugun á mannauði og námsframboði skólanna

Í yfirstjórn skólanna eru um 2 stöðugildi í minni skólunum en um 5 í þeim stærri. Staða aðstoðarskólameistara er 1 stöðugildi í MA og VMA en hlutastarf í hinum minni og gegna þeir þá einnig stöðu áfangastjóra. Á Laugum er ekki formleg staða aðstoðarskólameistara. Allir skólarnir eru með fjármálastjóra í hlutastarfi. Starfsheiti stjórnenda og millistjórnenda eru mismunandi og verkefnum þeirra fyrirkomið með mismunandi hætti eftir aðstæðum í hverjum skóla. Ársnemendur á hvert stöðugildi kennara eru frá 7 – 14, fæstir við FSH og flestir við MA.

Á undanförunum árum hafa framhaldsskólarnir á norðaustursvæði brugðist við niðurskurði á fjárframlögum m.a. með því að þrengja að stoðþjónustu skólanna eins og lesa má af fjölda hlutastarfa í þeim geira, en einkum minni skólarnir hafa mætt kröfum um stoðþjónustu með brotum úr stöðu og aðkeyptri þjónustu, sjá fskj. og skýringar. Allir skólarnir bjóða þó uppá lögbundna stoðþjónustu og hafa sýnt mikla viðleitni til að mæta nemendum með persónulegri og góðri þjónustu. Allir skólarnir bjóða nemendur sínum heilsugæslu og fá heimsóknir hjúkrunarfræðinga. Heimavist MA og VMA á Akureyri kostar hjúkrunarfræðing fyrir íbúa heimavistar.

Varðandi námsframboð kemur fram að enginn skólanna er með svokallaðar styttri námsbrautir. Skýringar eru þær að ekki sé eftirspurn eftir þeim.

Hægt er að stunda bóknám í öllum skólunum. Stúdentsbrautir skólanna ganga undir mismunandi heitum en eru í grófum dráttum hinar sömu; félagsvísindi og raunvísindi. MTR býður uppá listabraut og MTR og FL bjóða uppá íþrótt-og útivistarbrautir. Allir skólarnir nema MA og FL eru með starfsbrautir, en MA starfrækir hraðlínu fyrir bráðgera nemendur. VMA er eini verkmenntaskólinn á svæðinu með allar greinar innan sinna vébanda. Fram hefur komið hjá skólameistara að verkgreinar væru að styrkja sig í skólanum, en skólinn hefur einnig verið bóknámsskóli.

VMA er með umfangsmikla fjarkennslu og setur inn tæp 10 stöðugildi vegna fjarkennslu sem þeir sinna um land allt. MTR er með fjórðung út stöðugildi vegna fjarkennslu en þar eru allir kennarar jafnframt fjarkennarar og skipulag fjarkennslu þessara tveggja skóla því ólíkt.

Grunngögn vegna mannauðs og námsframboðs fylgja með, svo og skýringarskjal.

3. Framtíðarskipulag framhaldsskólastarfs á norðaustursvæði

Eftir skoðun starfshópsins er það niðurstaða hans að framhaldsskólarnir fimm á norðaustursvæði eigi með sér náð samstarf. Byggist sú niðurstaða á tillögum sem fyrir liggja og upplýsingum um samstarf til að uppfylla þau meginmarkmið sem fram koma í erindisbréfi, um að nemendur á svæðinu hafi jafnan og greiðan aðgang að lögbundnu og fjölbreyttu námsframboði. Jafnframt er horft til þess að stoðþjónusta skólanna sé fullburða og reksturinn sjálfbær.

Þau markmið og viðmið sem horft er til í þessu efni eru:

a) Nemendur á norðaustursvæði hafi jafnan og greiðan aðgang að lögbundnu og fjölbreyttu framhaldsskólanámi

Allar kjarnagreinar og brautarkjarni (sérhæfing) séu kennd í staðnámi við hvern skóla. Stuðlað verði að nýtingu með samstarfi um fjarkennslu eða annars konar samvinnu um kennslu.

Skólarnir gera yfirlit yfir jafngildisáfangi til að auðvelda námsmat og námsval á milli skólanna.

Skólaárið 2016-2017 bjóði VMA nemendum annarra framhaldsskóla uppá lotunám í einni grein iðnnáms, og tveimur greinum skólaárið 2017-2018. Ljóst verður að VMA ber ábyrgð á námsbrautum sem leiða til réttinda.

Skólarnir upplýsa hvern annan um fyrirhugað námsframboð frá skólaárinu 2016-2017 og stuðla að fjölbreyttu námsframboði m.a. með samstarfi um námsbrautir. Ljóst verður hvaða skóli býður námsbraut sem viðkomandi nemandi er skráður á og að hann ber ábyrgð á námi nemandans ef ekki er um að ræða heimaskóla nemandans eða sameiginlegt námsframboð. Til að tryggja þetta sem best verða reglulegir fundir stjórnenda.

Aukið samstarf verði milli skóla um miðlun sérþekkingar. Útfærsla gæti verið lotunám þar sem sértækur búnaður skólanna er hagnýttur, fjarkennsla, kennara verði deilt, miðlun áfangalýsinga, verkefna, kennsluefnis eða annars sem við á.

Dæmi:

FL býður uppá lotunám í íþróttافرæðum með nýtingu sérþekkingar og mannvirkja á Laugum, miðlun áfangalýsinga og kennsluefnis.

MTR býður uppá lotu- og/eða fjarnám í sérgreinum s.s. útivist og listgreinum.

VMA býður uppá lotunám í iðngreinum. Einnig fjarkennslu í þeim áföngum sem í boði eru hverju sinni.

MA býður uppá lotu-og/eða fjarnám í raungreinum.

FSH miðlar þekkingu um verkefni fyrir nýnema um „heilsuamarkmiðin mín“.

Þetta komi fram í starfi skólanna þegar á næsta skólaári (2016-2017) og verði sérstakur samstarfssamningur skólanna lagður til grundvallar samstarfi og útfærslu þessara

samstarfsþátta og annarra sem samkomulag verður um sbr. fylgisskjal með samstarfssamningi skólanna.

Sérstakt þróunarverkefni verður um samstarf með framhaldsskólum í Þingeyjarsýslum og Þekkingarneti Þingeyinga og liggi niðurstaða þess fyrir innan 3 ára.

Skólaár framhaldsskólanna á svæðinu verði samræmt til að skapa betri forsendur fyrir samstarfi þeirra.

Nemendur í framhaldsskólanámi á svæðinu hafi greiðan aðgang að viðeigandi stoðþjónustu

Á skólaárinu 2016-2017 er stefnt að myndun teymis um geðrækt.

Reglulega fari fram samræmd mæling á líðan nemenda. Í ljósi niðurstöðu hennar verði þörf fyrir stoðþjónustu metin. Skólarnir vinna að bættri þjónustu við nemendur og viðeigandi stuðningi með því m.a. að deila með sér stöðugildum sérfræðinga og/eða mynda teymi um viðfangsefnið.

Stjórnsýsla

Stjórnsýsla skólanna ráði vel við þau verkefni sem henni eru falin. Til að skólarnir geti uppfyllt kröfur um stjórnun, stefnumótun, innra mat, gerð fjárhagsáætlunar, bókhald, þróun skólastarfs og upplýsingagjöf til ráðuneytis og almennings, geta þeir haft samstarf sín í milli um einstaka þætti og/eða selt hver öðrum sérþekkingu. Í því sambandi er mikilvægt að upplýsingar um mannauð skólanna séu reglulega uppfærðar og aðgengilegar. Einnig geta skólarnir sameiginlega tekið upp nýmæli varðandi rekstur og utanumhald einstakra þátta skólastarfsins.

Fjármál framhaldsskóla á svæðinu séu í jafnvægi

Stefnt skal að því að rekstur skólanna sé innan fjárhagsáætlunar á hverju tveggja ára tímabili frá og með rekstrarárinu 2016.

b) Lotunám í iðn- og verknámi

Nemendur minni framhaldsskólanna eigi þess kost að taka lotunám í verklegum greinum við VMA sem gæti auðveldað þeim að hefja, og jafnvel að ljúka iðnnámi, við sinn framhaldsskóla í samstarfi við VMA. Horft yrði til þess að nemendur kæmu sem viðbótarhópur í lotuvinnu á verkstæðum VMA og náði samstarf yrði um skipulag á bóklegu námi. Í framkvæmd yrði gætt að námsframboði VMA og viðkomandi heimaskóla, þ.e. að ljóst sé hvor skólinn býður upp á námsbrautina og innritar nemandann, hefur skyldur gagnvart honum og ber ábyrgð á útskrift hans af viðkomandi námsbraut.

Lotunám eykur fjölbreytni í námsmöguleikum þeirra nemenda sem vilja stunda nám sem næst heimili. Það getur einnig fjölgað nemendum í starfsnámi þar sem einhverjir nemendur

mundu frekar hefja slíkt nám ef gefinn væri kostur á því að stunda námið að stórum hluta í heimaskóla.

c) Sérstakt þróunarverkefni um samstarf framhaldsskóla í Þingeyjarsýslum og Þekkingarnets Þingeyinga

Fyrirhugað þróunarverkefni snýst um það að náðið samstarf verði þróað með Framhaldsskólanum á Húsavík, Framhaldsskólanum á Laugum og Þekkingarneti Þingeyinga. Samstarf verði m.a. um námsframboð, skipulagningu nýrra námsbrauta, um stoðþjónustu, stjórnunarlega þætti, aðstöðu, félagslíf nemenda og endurmenntun starfsfólks. Gætt verður að því að farið verði að lögum sem við eiga og stefnu í menntamálum, þ.e. annars vegar um framhaldsskóla og hins vegar um framhaldsfræðslu, t.d. um námsframboð, réttindi og skyldur nemenda og réttindamál kennara.

Niðurstaða slíks þróunarverkefnis gæti orðið fyrirmynd fyrir önnur svæði þar sem eru fámennir framhaldsskólar og símenntunarmiðstöðvar, og þá mikilvægur liður í því að nýta mannauðinn betur og veita nemendum betri þjónustu á dreifbýlum svæðum. Niðurstaða úr slíku þróunarverkefni gæti líka nýst fjölmennari svæðum þar sem vilji er til samstarfs þessara aðila.

4. Fylgisskjöl

Fjarkennsla og dreifnám

Í skýrslu menntamálaráðherra um framkvæmd skólahalds í framhaldsskólum skólaárin 1996/1997, 1997/1998 og 1998/1999. (Lögð fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000) kemur m.a. fram að á tímabilinu 1996–1998 hafi fjarnám verið að þróast og festast í sessi sem nýr valkostur á framhaldsskólastigi. Verkmenntaskólinn á Akureyri bauð fyrstur framhaldsskóla upp á heildstætt fjarnám frá vorönn 1994. Þar var unnið mikið brautryðjendastarf og býr skólinn yfir mikilli þekkingu og reynslu í þeim efnum. Fjarnám VMA lýtur sérstöku skipulagi utan dagskóla og eru nemendur og kennarar staðsettir víða.

Menntaskólinn á Tröllaskaga býður einnig upp á fjarnám en skipuleggur námið þannig fjarnemendur eru teknir inn í alla námshópa þar sem það er mögulegt og eru fjar- og staðnemendur saman í hópum. Allir kennarar skólans fjarkenna en einnig eru kennarar fjarri í tveimur sérgreinum til að tryggja námsframboð.

Til að tryggja námsframboð kaupa allir framhaldsskólarnir á norðaustursvæði fjarkennsluáfanga á mismunandi verði. Á það bæði við um fámenna áfanga sem og áfanga þar sem ekki er nægilegur fjöldi til að stofna nýjan námshóp en nemendur komast ekki í námshóp(a) sem fyrir eru. Einnig er áfangaframboð tryggt með fjarnemendum í almennum áföngum dagskóla.

Kostnaður við að senda staðnemendur í fjarnám í aðra framhaldsskóla er mismunandi. Þetta eru helstu aðferðirnar:

- Senda nemendur í annan framhaldsskóla (VMA eða FÁ) og greiða innritunargjald og láta nemendaígildi.
- Kaupa fjarkennslu fyrir nemanda og greiða fyrir hana en halda nemendaígildi og geta þar með keypt aðstoð fyrir nemanda.
- MTR, FSH og FL eru aðilar að Fjarmentaskólanum og geta þau sent nemendur sína í einhvern fjarmentaskólanna tólf, láta nemendaígildi en greiða ekki innritunargjald.

Framhaldsskólarnir á norðaustursvæði eru allir áhugasamir um frekara samstarf til að uppfylla skyldur sínar og til að auðga námsval og menntun nemenda sinna. Til að tryggja fjölbreytt námsframboð og að nemendur geti án hindrana lokið námi í sínum skóla er að því stefnt:

- að fámennum námshópum verði kennt saman, einkum í efri áföngum á þriðja þrepi, og þeim kennt þaðan sem sérþekking í viðkomandi grein er mest og kennari sem getur tekið að sér þá kennslu. Útfærsla gæti verið fjarkennsla, lotunám, kennara verði deilt, miðlun áfangalýsinga, verkefna, kennsluefnis eða annars sem við á.
- að skólarnir bjóði hver öðrum lotunám/dreifnám í þeim greinum þar sem þeir eru með mesta þekkingu og reynslu.
- að skólarnir deili þekkingu á þessu sviði.
- að lögð verði áhersla á það í starfsþróun kennara að þeir þjálfist í að kenna yfir fjarlægðir.

Ítarefni

Þróunarverkefni í Þingeyjarsýslum

Það sem rætt hefur verið í þessu sambandi og mikilvægt er að stutt verði við sem þróunarverkefni er meðal annars að:

- Námsframboð Framhaldsskólans á Húsavík, Framhaldsskólans á Laugum og Þekkingarnets Þingeyinga verði betur samstillt og áherslur og verkaskipti ákveðin í sameiningu og skörun lágmörkuð.
- Námskrár FSH og FL „tali saman“. Náms í ensku, íslensku og stærðfræði verði skipulagt þannig að nemendur þurfi hvergi á námsferlinum að bíða eftir því að geta tekið næsta áfanga í þessum greinum, sama á hvaða þrepi þeir hefja nám sitt. FSH og FL skiptist á um að kenna áfanga í þessum greinum og samráð haft áður en kennsluskipting hverrar annar er ákveðin.
- Kennsla verði m.a. skipulögð á þann hátt að nemendur þurfi ekki að fara á milli skóla en kennarar geri það mögulega. Hægt væri t.d. að skipuleggja námslotur þannig að kennari kenni í X tíma á staðnum en í X tíma væri nemandi í vefstuddu fjarnámi. Tímar í stundatöflu gætu verið skipulagðir þannig að stundum sæki nemandi tíma hjá kennara en stundum væri hann í vinnustofu á þessum tíma.
- Samráð verði haft um skipulagningu nýrra námsbrauta. Dæmi: Námsbraut í nýsköpun og frumkvöðlamennt í tengslum við verkefnið „Nýskapandi samfélag í Norðurþingi“ (FSH, ÞÞ og FL) Ferðamálabraut (FSH, ÞÞ og FL).
- FSH, FL og ÞÞ skipuleggi samstarf varðandi stoðþjónustu. Í því sambandi mætti nefna að starfandi námsráðgjafi FSH er nú þegar í samstarfi við menntaðan námsráðgjafa hjá ÞÞ. Jafnframt má sjá fyrir sér samstarf varðandi þjónustu sálfræðings, hjúkrunarfræðings og e.t.v. fleiri aðila.
- Samstarf verði um stjórnunarlega þætti. Hér má t.d. nefna innritun, fjármálastjórn o.fl. sem skipuleggja mætti á sameiginlegum grundvelli. Starfsfólk samnýtt meira; kennarar, ritara, ráðgjafar, stjórnendur.
- Aðstaða verði betur samnýtt; húsnæði, hugbúnaður (fjarnám t.d.), símsvörun o.fl.
- Nemendafélög FSH og FL vinni þétt saman. Til dæmis mætti standa sameiginlega að skipulagningu Dillidaga og Tónkvíslar.
- Samstarf verði um símenntun/endurmenntun: FSH, FL og ÞÞ sameinist að einhverju leyti um að bjóða starfsfólki sínu upp á námskeið.
- Aðilum er ljóst að framhaldsskólarnir og Þekkingarnetið starfa eftir sitthvorum lögum; lögum um framhaldsskóla 92/2008 og lögum um framhaldsfræðslu 27/2010. Í samstarfi sínu munu þeir leita leiða til að leysa þau mál sem upp koma, m.a. fjárhagsmál, með hagsmuni beggja að leiðarljósi.

Lotunám í VMA

Á fyrsta fundi starfshóps lagði skólameistari VMA eftirfarandi fram, sjá fundargerð:
„VMA er reiðubúinn til samstarfs við alla skólana sé eftir því leitað. Í því sambandi má nefna lotunám í verklegum greinum sem gæti auðveldað bæði nemendum á framhaldsskólaaldri og

fólki á vinnumarkaði að öðlast starfsréttindi á ýmsum sviðum. Dreifnám af öllu tagi hefur verið að ryðja sér til rúms. Í því felast mörg tækifæri til samvinnu skóla hvar sem þeir eru staddir á landinu.“

Í framhaldi af þessu hefur farið fram mikil umræða um það hvernig unnt væri að nýta þetta tilboð VMA til að auka námsframboð nemenda á norðaustursvæði. Þetta var rætt á 2. fundi starfshóps (sjá fundargerð og síðan minnisblað BB) og síðan á sérstökum fundi í VMA með skólameisturum framhaldsskólanna á norðaustursvæði, aðstoðarskólameistara VMA og verkefnisstjóra. Það er ljóst að þetta viðfangsefni er ekki einfalt úrlausnar en þó gerlegt ef vilji er fyrir hendi til að leysa úr þeim vandkvæðum sem upp kunna að koma við framkvæmdina.

Eins og þetta blasir við núna mundi vera um sérstakan hóp að ræða sem stundaði verknám í vinnustofum VMA. Rætt hefur verið um að nýta föstudaga og laugardaga á vinnustofum. Vinnustofunámið þarf þó ekki að vera bundið við þá daga en í verknámi eru að minnsta kosti 20 kennslustundi í viku bundnar áföngum á verkstæði og annað fyrirkomulag kallaði á akstur.

VMA telur sig þurfa 12 nemendur í slíkan lotuhóp. Áfangastjóri VMA hefur bent á að margt iðnnám sé að breytast í tækninám og að námið sé stíft en veiti starfsréttindi að loknu sveinsprófi. Hann bendir á að „faggreinar og almennar greinar gætu verið kenndar af kennurum „hinna“ framhaldsskólanna í dreif/fjarnámi og svo kjarnagreinar sem einnig væru í héraði.“

Það er ljóst að tilboð af þessu tagi mundi laða fleiri að iðn- og verknámi ef þeir gætu hafið, og jafnvel lokið náminu í sinni heimabyggð.

Frekari upplýsingar í fskj. í fundargerðum 1. og 2. fundar starfshóps.

Samstarfssamningur framhaldsskóla á norðaustursvæði

Framhaldsskólinn á Húsavík, Framhaldsskólinn á Laugum, Menntaskólinn á Akureyri, Verkmenntaskólinn á Akureyri og Menntaskólinn á Tröllaskaga gera með sér svofellt samkomulag um samstarf framhaldsskóla á Norðurlandi eystra.

1. Markmið samstarfs skólanna eru að:
 - a) Nemendur á svæðinu eigi kost á gæðanámi sem næst sínu heimili og stoðþjónusta skólanna sinni nemendum vel.
 - b) Skólarnir séu framsæknir og sinni markvissu þróunarstarfi.
 - c) Rekstur skólanna sé í jafnvægi.
2. Samstarfsverkefni skólanna
 - a) Skólarnir upplýsa hvern annann um fyrirhugað námsframboð og stuðla, meðal annars með samstarfi um námsbrautir, að fjölbreyttu námsframboði. Til að tryggja þetta sem best verða reglulegir fundir stjórnenda.
 - b) Skólarnir eiga með sér samstarf um stoðþjónustu svo sem námsráðgjöf og sálfræðiþjónustu þar sem það á við.
 - c) Skólarnir gera yfirlit yfir jafngildisáfangi til að auðvelda námsmat og námsval á milli skólanna.
 - d) Til að tryggja fjölbreytt námsframboð verður leitast við að kenna fámennum námshópum sameiginlega, til dæmis í efri áföngum sérgreina. Útfærsla gæti verið fjarkennsla, lotunám, kennara verði deilt, miðlun innihalds svo sem áfangalýsinga, verkefna eða kennsluefnis.
 - e) Skólarnir deila þekkingu og færni og vinna saman að símenntun og starfsþróun starfsmanna skólanna.
 - f) Skólarnir vinna sameiginlega að námsframboði og aukinni þekkingu á þjónustu við bráðgera nemendur.
 - g) Unnið verður að samræmingu skólaárs framhaldsskólanna á svæðinu.
 - h) Sérstakt þróunarverkefni verður um samstarf með framhaldsskólum í Þingeyjarsýslu og þekkingarneti Þingeyinga.

Í fylgisskjali er yfirlit yfir þau verkefni sem hver skóli gæti tekið að sér að hafa forystu um og leiða í samstarfi skólanna.

3. Samstarf við aðra
 - a) Samstarf Framhaldsskólans á Húsavík, Framhaldsskólans á Laugum og þekkingarnets Þingeyinga sem verður sérstakt þróunarverkefni.
 - b) Unnið verði að formlegu samstarfi við háskóla og þekkingarsetur á Norðurlandi með það að markmiði að auka námsframboð, efla samfellu skólastiga og hindra afturhverft rof.
 - c) Samstaf framhaldsskólanna á Eyjafjarðarsvæðinu við Símei verði formgert.
 - d) Samstarf verði áfram þróað við grunnskóla á svæðinu til að auka samfellu skólastiga og hindra afturhverft rof.

4. Stjórnun og umsjón
 - a) Í samstarfsnefnd skólanna sitja skólameistarar allra framhaldsskólanna og fundar nefndin einu sinni í mánuði.
 - b) Hlutverk samstarfsnefndar er að hafa yfirumsjón og eftirlit með framkvæmd samstarfssamningsins og hafa forystu um þróun náms á framhaldsskólastigi á norðaustursvæði.
 - c) Árlega skal haldinn ársfundur samstarfsnefndar. Hann sitja fulltrúar skólanna, en auk þeirra verður fulltrúum menntamálaráðherra, fulltrúum símenntunarmiðstöðva, háskóla og háskólasetra á norðaustursvæði boðið til fundarins. Á ársfundi er stefna mörkuð til næsta árs um samstarf skólastofnana á svæðinu.
5. Kostnaður af samstarfinu greiðist af skólunum fimm í hlutfalli við nemendaígildi. Skólarnir munu sameiginlega leita eftir fjármagni til að mæta þessum kostnaði hjá menntamálaráðuneyti. Samstarfsnefndin gerir árlega fjárhagsáætlun sem kynnt er á ársfundi sbr. 4.c.
6. Samningur þessi gildir frá undirritun og næstu þrjú ár, en fyrir þann tíma verður samstarfið endurskoðað í ljósi þeirra reynslu sem fengist hefur. Samningurinn er uppsegjanlegur af hálfu hvers skóla með sex mánaða fyrirvara.

Akureyri 15. desember 2015

Dóra Ármannsdóttir

Sigurbjörn Árni Ásgrímsson

Jón Már Héðinsson

Hjalti Jón Sveinsson

Lára Stefánsdóttir